

Foreldrafélag leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Fyrsti fundur skólaársins 2016-2017

12. október 2016

Kl. 20.15-22.10

Mættar: Marie Greve Rasmussen, Inga María Sigurðardóttir, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Daniela Gross, Alexandría Björg Scheving, Ásta Jóna Ásmundsdóttir og Guðlaug Ásmundsdóttir.

Fundarefni:

- Kosning formans, gjaldkera og ritara.
 - Kosnar: Elín – formaður, Daníela – gjaldkeri og Lauga – ritari.
- Hverjir taka að sér að sitja fræðslu- og skólanefndar fundi? (Tveir)
 - Marie og Alexandría.
- Fulltrúar í skólaráð.
 - Inga María og Marie.
- Starfsáætlun Heiðarskóla til umfjöllunar og umsagnar
 - Nokkrir fulltrúar foreldrafélagsins lásu starfsáætlunina yfir og gerðu ekki athugasemdir, utan líklegar prentvillu (starfsmenn skólaárið 2015-16). Starfsáætlunin lagðist vel í fólk.
- Starfsáætlun Skýjaborgar til umfjöllunar og umsagnar
 - Nokkrir fulltrúar foreldrafélagsins lásu starfsáætlunina yfir og gerðu ekki athugasemdir. Starfsáætlunin lagðist vel í fólk.
- Eyrún ætlar að óska eftir hjá fræðslu- og skólanefnd að breyta leikskóladagatali. Taka út hálfan starfsdag 3. jan og gera hálfan starfsdaginn 10. mars að heilum.
 - Foreldrafélagið styður þessa breytingu leikskóladagatalsins.
- Óánægja með ávaxtastundina í Heiðarskóla. Sagt hafði verið að hún hafi verið tekin út en hún var færð eftir hádegismatinn. Svar frá Siggú Láru þegar hún var spurð um þetta. „Ávaxtastundin var ekki tekin úr skólanum, við færðum hana til, hún er núna eftir hádegismatinn, börnin eru ósatt með það og við ætlum að finna lausnir með þeim. Það voru einhverjir annmarkar á fyrirkomulaginu í fyrra sem við vorum að reyna að leysa.“
 - Foreldrafélagið er samþykkt því að ávaxtastundin sé til staðar og fyrir hádegi (langur tími frá morgunmat til hádegismatar). Foreldrafélagið treystir skólanum til að útfæra skipulagið á þessu.
- Póstur frá Eyrúnu:

Ég er einnig að velta fyrir mér varðandi reglur foreldrafélagsins. Því nú er skylda að hafa foreldraráð í leikskólum en ekki foreldrafélag. Hvort það sé eitthvað í reglunum um það?

Og hvort við ættum að útbúa einhverja klausu fyrir næsta aðalfund? Að þeir þrír foreldrar sem sitja í foreldrafélaginu frá leikskólanum séu sjálfkjörnir í foreldraráð. Foreldraráð gerir það sama og þið eruð að gera í foreldrafélaginu. Við erum ekki að fara framhjá neinu, það er bara nafnið á þessu.

Þú getur lesið um áherslumuninn á foreldrafélagi og foreldraráð í þessari handbók ef þú þarft að upplýsa þig betur:

http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2016/08/HS_Handbók_leikskola.pdf

Kær kveðja

Eyrún Jóna Reynisdóttir

- Foreldrafélagið er jákvætt gagnvart tilkomu foreldraráðsins og sammála tillögu Eyrúnar um að þeir þrír foreldrar sem sitja í foreldrafélaginu frá leikskólanum séu sjálfkjörnir í foreldraráð. Það væri gott að útbúa klausu um þetta fyrir næsta aðalfund, sbr. tillögu Eyrúnar hér að ofan.
- Veturinn skipulagður
 - Gjaldkeri þarf að sinna ákveðnum störfum á næstunni í tengslum við útsendingu reikninga og fleira, það rætt.
 - Viðburðir vetrarins ræddir stuttlega og ákveðið að geyma ákvarðanir þar um þar til á næsta fundi.
- Önnur mál
 - Rætt um að sækja um styrk til Styrktarsjóðs Hvalfjarðarsveitar, sem auglýstur var til umsóknar fyrir 20.10. nk., í fræðslu- og forvarnarskyni. Til dæmis á formi fyrirlestra fyrir foreldra og starfsfólk.
 - Því tengt að setja inn fyrirspurn á foreldrasíðuna um efni sem fólk vill heyra um. Ýmsar hugmyndir vöknudu auk þess á fundinum, t.d. fyrirlestur frá Siggu Dögg kynfræðingi, fyrirlestur frá Vöndu um samskipti, fyrirlestur um ung börn og netnotkun. Einnig hugmynd um fyrirlestur Páls Óskars og tveggja annarra aðila, fyrirlestur um þroska/hegðun/líðan leikskólabarna, fyrirlestur Ebbu Guðnýjar um næringu leikskólabarna.
 - Samskipti Klébergsskóla og Heiðarskóla í vetur rædd. Í ljósi góðrar reynslu síðasta vetrar styður foreldrafélagið samstarfið og er til í að leggja sitt af mörkum.
 - Foreldrar barna í leikskólanum lýstu yfir áhuga á að fá myndefni með jógapósum sem börnin hafa lært í leikskólanum. Einnig að fá blað með myndum af börnum hvorrar deildar fyrir sig, og nöfnum þeirra.
 - Rætt um hvernig er hægt að auka samskipti foreldra innbyrðis, á báðum skólastigum.
 - Næsti fundur ákveðinn 2. nóvember kl. 20.15, staðsetning væntanleg.

Guðlaug Ásmundsdóttir ritaði fundargerð.